

## Tillaga til þingsályktunar

um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Margrét Frímansdóttir, Einar Már Sigurðarson,  
Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson,  
Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,  
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafa helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilur á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti:

- a. áhrif *þungaskatts* á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni,
- b. áhrif *þungaskatts* á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra.

Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða. Nefndin kanni sérstaklega hvernig breyta megi skattkerfinu til að ná þessu marki.

Nefndin skili Alþingi skýrslu fyrir 1. október 2003.

### Greinargerð.

Verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni.

Orsakir hærra verðlags á landsbyggðinni eru margvíslegar, þó verður að telja að hár flutningskostnaður og hátt innkaupsverð frá heildsölum, sem oft má rekja til óhagstæðra rekstrar- eininga, skipti þar mestu sem og lítil samkeppni í mörgum tilvikum.

### Verðkönnun.

Fyrsti flutningsmaður tillögu þessarar hefur á liðnu sumri skoðað verð á tíu algengum vörutegundum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, og voru niðurstöðunar eftirfarandi:

**Tafla 1.**

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	Ódýr- ast, kr.	Dýr- ast, kr.	Mis- munur, kr.	Dýrara en ódýrast
Upphæðir í kr.	199	199	199	202	202	254	258	258	259	201	289	264	264	264	264	264	284	296	296	269	296	264	355	316	284	340	199	355	156	78%	
Ora fiskibollur 1/1 dós	53	53	56	56	68	68	71	71	69	70	55	72	74	74	74	74	79	79	69	86	74	102	93	84	108	53	108	55	104%		
Ora grænar baunir 1/2 dós	329	329	309	339	389	395	395	395	418	327	399	428	415	415	415	399	399	423	398	399	415	456	398	434	501	309	501	192	62%		
Merrild kaffi 500 g (103)	149	149	165	165	165	191	192	175	175	175	175	175	175	175	175	199	199	211	189	204	175	216	204	244	149	244	95	64%			
Melroses te 25 grísjur	569	569	675	675	675	675	675	689	689	567	677	677	677	677	677	677	677	679	679	709	739	724	755	732	567	755	188	33%			
Marabon extra þvottaduft	85	85	109	119	119	119	119	109	109	123	123	123	123	123	123	129	129	119	119	119	119	149	128	128	85	149	64	75%			
Sykur 1 kg	185	185	185	218	189	189	220	189	220	191	239	239	246	239	229	219	229	239	261	239	298	268	238	308	185	308	123	66%			
Sykur 2 kg	79	79	79	84	84	91	91	91	91	94	83	94	94	94	94	94	94	109	109	109	109	117	94	148	135	114	164	79	164	85	108%
Komax hveiti 2 kg	339	339	339	359	349	439	439	439	439	473	357	449	449	449	449	449	449	449	449	449	449	449	498	378	543	339	543	204	60%		
Cheertios 567 g	125	125	129	135	135	164	164	164	164	164	179	178	136	185	185	185	185	185	185	185	185	185	210	218	252	125	252	127	102%		
Frön mjólkurkex																															

**Verslanir sem verð var kannað í – hér raðað í stafrófröð.** Þessi röð verslana samsvarar þó ekki dálkunum að ofan. (Dálkur 1 stendur t.d. ekki fyrir verslunum 10-11 á Egilsstöðum né dálkur 27 fyrir verslunina Urð á Raufarhöfn, svo að dæmi séu tekin.)

10-11 Egilsstöðum	Hagkaup Akureyri	Kaupfélag Fáskrutós firðinga	Sparnkaup Bolungarvík
11-11 Höfn	Hagkaup Smáralind	Krónan Höfn	Strax í Kópavogi
Bakki Kópaskeri	Kaupfélagið Blönduósi	Lónið Þórshöfn	Strax Mývatnssveit
Bónus Akureyri	Kaupfélagið Höfðósi	Nettó Akureyri	Strax Ólafsfirði
Bónus Ísafirði	Kaupfélagið Hólmavík	Nettó Mjódd	Strax Siglufirði
Bónus Smáratorgi	Kaupfélagið Sauðárkróki	Samkaup Egilsstöðum	Urð Raufarhöfn
Dalaskjör Búardal	Kaupfélagið Varmahlíð	Samkaup Ísafirði	

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar kemur í ljós mikill munur á vöruverði milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Á einstökum vörutegundum var verðmunurinn sláandi eða allt að 108% munur á hæsta og lægsta verði. Þessi könnun gefur sterka vísendingu um þann gífurlega aðstöðumun sem fólki er búin hér á landi að þessu leyti.

Þegar niðurstöður könnunar eru skoðaðar kemur í ljós að nokkrar af stærstu verslunarkeðjum landsins sem reka verslanir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni bjóða því sem næst sama verð í verslunum sínum, óháð staðsetningu þeirra. Þetta er athyglisvert því svo er að sjá að þessar verslunarkeðjur haldi uppi eigin flutningsjöfnuði milli verslana sinna án tillits til staðsetningar á landinu og er það til mikillar fyrirmyndar. Þetta sýnir jafnframt að hægt er að jafna vöruverð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sé vilji fyrir hendi.

### Hátt innkaupsverð.

Nokkrir verslunareigendur á landsbyggðinni veittu fyrsta flutningsmanni aðgang að gögnum sínum um innkaupsverð umræddra vörutegunda og flutningskostnað.

Í eftirfarandi töflu má sjá innkaupsverð hjá einni verslun, útsöluverð hennar og áætlaðan flutningskostnað á hverri einingu miðað við tilboð á flutningi fyrir hvert kíló sem viðkomandi verslun hefur frá flutningsaðila.

**Tafla 2.**

	Verð í landsbyggðarverslun, kr.	Þar af vsk., kr.	Verð án vsk.	Innkaupsverð	Framlegð 1, án flutningskostnaðar	Framlegð 1, %	Áætlaður flutningskostnaður 14 kr./kg	Framlegð 2, eftir greiðslu flutningskostnaðar, kr.	Framlegð 2, %
Ora fiskbollur 1/1 dós	269	33	236	188	48	20,3	14	34	14,4
Ora grænar baunir 1/2 dós	85	10	75	64	11	14,2	7	4	4,8
Merrild kaffi 500 g	430	53	377	308	69	18,3	7	62	16,5
Melroses te 25 grisjur	189	23	166	140	26	15,6	4	22	13,4
Marabon extra þvottaduft	685	135	550	439	111	20,2	21	90	16,4
Sykur 1 kg	130	16	114	88	26	22,8	14	12	10,5
Sykur 2 kg									
Kornax hveiti 2 kg	99	12	87	73	14	15,9	28	-14	-16,3
Cheerios 567 g	445	55	390	317	73	18,8	8	65	16,7
Frón mjólkurkex	185	23	162	139	23	14,4	4	19	11,9

Tafla 2 sýnir m.a. eftirfarandi:

1. Hátt innkaupsverð landsbyggðarkaupmanna á viðkomandi vöru miðað við útsöluverð þeirra verslana sem eru með lægst vöruverð.
2. Mjög háan flutningskostnað frá birgjum/framleiðendum á höfuðborgarsvæðinu út á land.
3. Flutningskostnaður sem er svipaður og framlegð kaupmannsins.
4. Mjög litla framlegð verslana á landsbyggðinni þegar tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts og flutningskostnaðar.

Þetta sýnir að álagning kaupmanna er ekki mikil og ekki orsök hás vöruverðs á landsbyggðinni.

**Virðisaukaskattur.****Tafla 3.**

	Ódýrast, kr.	Þar af vsk., kr.	Dýrast, kr.	Þar af vsk., kr.
Ora fiskbollur 1/1 dóð	199	24,44	355	43,59
Ora grænar baunir 1/2 dóð	53	6,51	108	13,26
Merrild kaffi 500 g	309	37,95	501	61,52
Melroses te 25 grisjur	149	18,30	244	29,96
Marapón extra þvottaduft	567	111,59	755	148,58
Sykur 1 kg	85	10,44	149	18,30
Sykur 2 kg	185	22,72	308	37,82
Kornax hveiti 2 kg	79	9,70	164	20,14
Cheerios 567 g	339	41,63	543	66,68
Frón mjólkurkex	125	15,35	252	30,95
<b>Samtals</b>	<b>2.090</b>	<b>299,00</b>	<b>3.379</b>	<b>471,00</b>
Mismunur á ódýrast og dýrast	1.289 kr.	Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts		172 kr.
Dýrara í prósentum	62%	Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts í %		58%

Í töflu 3 er sýndur útreikningur á virðisaukaskatti af útsöluverði, annars vegar þegar lægsta verð er greitt fyrir hverja vöru, sem iðulega er að finna á höfuðborgarsvæðinu, og hins vegar þegar dýrasta verð er greitt fyrir sömu vöru, en það verð er iðulega að finna á landsbyggðinni.

Í töflunni kemur fram að höfuðborgarbúar greiða 2.090 kr. fyrir þessa tíu vörflokka og 299 kr. í virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Landsbyggðarbúinn þarf hins vegar að greiða 3.379 kr. fyrir þessar sömu vörur og 471 kr. í virðisaukaskatt til ríkisins. Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts til ríkisins er því 58%. Af þessu dæmi sést að landsbyggðarbúar greiða til ríkissjóðs, í formi virðisaukaskatts, miklu hærri upphæðir af vörukaupum sínum en höfuðborgarbúar. Rétt er einnig að minna á virðisaukaskattur af flutningskostnaði verður auðvitað meiri eftir því sem lengra er ekið og flutningsgjöld hækka. Í þessu felst skattaleg mismunur sem ríkisvaldinu ber skylda til að afnema.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að kannað verði rækilega hvaða orsakir liggja að baki umræddum verðlagsmun þannig að menn geti gripið til markvissra aðgerða til að jafna þennan mun. Í þessum tilgangi er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs á landsbyggðinni og bera hana saman við þróun vöruverðs á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að nefndin kanni þá þætti sem helst hafa áhrif á vöruverð á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og greini jafnframt hvar helst ber á milli.

**Rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.**

Nefndinni er m.a. ætlað að kanna þróun á rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, hvaða áhrif þungaskattur hefur á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni þeirra og hvort þungaskattskerfið mismuni fyrirtækjum eftir því hvar þau eru á landinu. Flutningsmenn telja að samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sé að versna jafnt og þétt og nægir þar að nefna nýlegar gjaldskrárbreytingar Eimskipafélags Íslands sem er eina skipafélagið sem enn rekur strandsiglingaþjónustu hér á landi.

Í þessu sambandi er rétt að benda á grein Ásgeirs Magnússonar, forstöðumanns Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, í Fréttabréfi Samtaka iðnaðarins í október 2001 (sjá fylgiskjal II).

### **Landsmenn sitji við sama borð.**

Flutningsmenn telja að ríkisvaldinu beri skylda til að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að setningu laga og reglna í samfélaginu. Fullyrða má að þungaskattskerfið sem við búum við sé þess eðlis að það komi harðar niður á landsbyggðarbúum en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Nú er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða nágrenni hennar og þaðan er vörunum dreift út um landið með vöruflutningabifreiðum. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöru því hærri verður skatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur hækkar vöruverð til viðkomandi neytenda.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og því er lagt til að nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni en ætla má að áhrif hans hafi aukist síðari ár, sérstaklega eftir að afsláttarkerfi þungaskatts var lagt niður.

Lagt er til að nefndinni verði falið að gera tillögur sem miði að því að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni. Benda má á að í núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar er veittur afsláttur af þungaskatti af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum og eins njóta bændur afsláttar. Í lögnum er jafnframt kveðið á um að þeir sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skuli greiða 50% lægri þungaskatt. Af þessu má sjá að þungaskatturinn er bæði notaður til jöfnunar og sem stýritæki.

Í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði og er mismunandi skattheimta á milli svæðanna réttlætt út frá byggðasjónarmiðum. Rétt er að nefndin skoði ítarlega hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

### **Aðgerðir í byggðamálum.**

Verulega hefur skort á aðgerðir í byggðamálum þótt vandi landsbyggðarinnar og áhrif hans hafi verið ljós. Má í því sambandi vitna í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 sem samþykkt var á 123. þingi, en þar segir í upphafi ályktunargreinarinnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.“

Í fylgiskjali IV með tillögunni segir síðan:

#### **„IV. Hvers vegna flytur fólk búferlum frá landsbyggðinni?**

Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, sem sagt er frá í bókinni Búseta á Íslandi, leiðir í ljós að mjög náið samband er milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðunum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæðust vegna mikils brottflutnings. Þar sem ánægja með 24 þætti búsetuskilyrða er mest hefur þróunin orðið hagstæðust og mest fjölgað.

Búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögnum, einkum í þorpum með innan við 1000 íbúa. Náið samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum 35 árum. Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

#### IV.1. Viðhorf íbúa á hættusvæðunum.

Til að draga skýrt fram niðurstöður rannsóknarinnar er gagnlegt að skoða meðfylgjandi yfirlit um óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna í mestu jaðarbyggðunum, eða þeim svæðum sem Byggðastofnun hefur skilgreint sem sérstök hættusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að þau hafa tapað meira en 10% af íbúum sínum á síðustu 10 árum.<sup>1</sup> Þessi greining sýnir á skýran hátt hvaða einstakir þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest svíður undan á þeim svæðum sem flestu fólki tapa. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

##### Hættusvæðin á landsbyggðinni:

Vesturland:	Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla
Vestfirðir:	Allt kjördæmið
Norðurland vestra:	Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla
Norðurland eystra:	Siglufjörður, Fljóta- og Hofshreppur
Austurland:	Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla
Suðurland:	Vestur-Skaftafellssýsla

Tafla 2 sýnir hvaða þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest óánægja er með á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Heildarmynstur niðurstaðna er í samræmi við niðurstöðurnar fyrir landið allt, þó að mikilvægi einstakra þátta sé misjafnt. Hér kemur skýrlega fram að flestir íbúar hættusvæðanna, þ.e. þeirra svæða sem langflestu fólki hafa tapað á síðastliðnum árum, eru óánægðir með húshitunarkostnað, næstmest er óánægjan með verðlag og verslunaraðstæður, þá kemur lagning og viðhald vega, tekjuöflunarmöguleikar, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður almennt, framboð hentugs húsnæðis á svæðinu, atvinnuöryggi og framhaldsskólamál. Á hinum enda listans eru þau atriði sem litla óánægju vekja, og þar eru áberandi margir þættir opinberrar þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði.

**Tafla 2.** Viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Það sem flestir eru óánægðir með.

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Húshitunarkostnaður	78
Verðlag og verslunaraðstæður	69
Lagning og viðhald vega	58
Tekjuöflunarmöguleikar	52
Atvinnutækifæri	49
Húsnæðiskostnaður almennt	49
Framboð hentugs húsnæðis	45
Atvinnuöryggi	43
Framhaldsskólamál	43
Aðstaða til afþreyingar	38
Vöruúrval	37
Skemmtanalíf	37
Menningarlíf	35
Hætta vegna náttúruhamfara	34
Þjónustuúrval	32

<sup>1</sup> „Byggðir sem höllum fæti standa“ (Byggðastofnun, október 1997).

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Ruðningur vega á veturnum	29
Aðstaða til íþróttaiðkunar	28
Flugsamgöngur	27
Dagvistunarmál	24
Heilbrigðisþjónusta	22
Veðurfar í byggðarlaginu	21
Grunnskólamál	20
Þjónusta við aldraða	14
Hætta af völdum umferðar og ofbeldis	8

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning, en eins og fram kemur í annarri greinargerð,<sup>2</sup> þá greiða íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðalhúshitunarkostnaður á „köldu svæðunum“ er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefnið, verðlag og verslunaraðstæður, tengist auðvitað aðgengi að verslunarþjónustu sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Síðan koma atriði tengd atvinnumálum og svo fleiri atriði tengd húsnæðisaðstæðum. Loks eru margir sem kvarta undan aðgengi að framhaldsskólanámi, sem eðlilega er takmarkað á umræddum svæðum.“

### **Jöfnun lífskjara – mikilvægasta byggðamálið.**

Þrátt fyrir að verðlag sé annað mesta umkvörtunarefni fólks, sbr. það sem fram kemur hér að framan, er jöfnun verðlags ekki meðal þeirra atriða sem talin eru upp í texta umræddrar þingsályktunar.

Mikilvægt er að rannsaka ofan í kjölinn þær ástæður sem liggja að baki mismunandi vöruverði eftir landshlutum þannig að unnt sé grípa til viðeigandi ráðstafana til að jafna muninn.

Sama á við um samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem hafa versnað mikið á undanförunum árum, og er rétt að benda á að nýlega voru stofnuð „Samtök fyrirtækja á Norðurlandi“ sem m.a. hafa það markmið að jafna rekstrar- og starfskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni, m.a. með endurbótum á flutningskerfinu hvort heldur er á sjó, landi eða í lofti.

*Jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra verður að vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum.*

<sup>2</sup> Stefán Ólafsson, „Tengsl viðhorfa til húshitunarkostnaðar og aðgangs að hitaveitu“ (greinargerð fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998).

## Fylgiskjal I.

*Samþykkt Sambands sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra:*

### **Ályktun um aðgerðir í skattamálum til jöfnunar lífskjara.**

Stjórn SSNV ítrekar ályktun 8. ársþings SSNV um byggðamál og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að beita aðgerðum í skattamálum til jöfnunar lífskjara þannig að búseta á landsbyggðinni verði eftirsóknarverð og atvinnustarfsemi njóti þar jafnræðis. Til að ná fram þessum markmiðum bendir stjórnin á eftirfarandi leiðir:

- Fella niður flugmiðaskatt.
- Lægra afborgunarhlutfall námslána (15% í 5 ár).
- Útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar frádráttarbær frá skatti.
- Stuðningur ef nám krefst breyttrar búsetu nemenda.
- Þungaskattur af ökutækjum utan 100 km. radíus frá Lækjartorgi lækki um 75%.
- Atvinnustarfsemi utan 100 km. radíus frá Lækjartorgi undanþegin almennu tryggingagjaldi, nú 3,99%.
- Landbúnaður undanþegin atvinnuþryggingagjaldi, nú 1,15%.

Stjórn SSNV telur framangreindar aðgerðir nauðsynlega viðbót við önnur áform í byggðamálum og telur að von sé um árangur verði þeim öllum framfylgt.

Færa má eftirfarandi röksemdir fyrir ofangreindum leiðum:

1. Flugmiðaskatturinn á innanlandsflug er hreinn landsbyggðarskattur og því sjálfsagt að fella hann niður.
2. Mikill skortur er á háskólamenntuðu fólki á landsbyggðinni. Lægra endurgreiðsluhlutfall námslána þeirra sem velja sér búsetu utan þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins mundi stuðla að fjölgun háskólamenntaðs fólks á landsbyggðinni. Vel mætti miða við 100 km. radíus frá Lækjartorgi.
3. Með samdrætti í frumvinnslugreinum og bættum samgöngum þá eykst atvinnusókn fólks um langan veg. Af þessum sökum er ferðakostnaður við það að sækja atvinnu oft svo mikill að þau laun sem í boði eru skerðast verulega. Af þessu leiðir búseturöskun með öllu því óhagræði sem henni fylgir. Mikil bót væri af því að útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar væru frádráttarbær frá skatti. Lagt er til að þessi regla verði óháð búsetu.
4. Mikil hækkun á dvalarstyrk til jöfnunar námskostnaðar hefur orðið á undanförunum árum og ný reglugerð nr. 746/2000 gerir úthlutunarreglur skýrari en verið hefur. Þó vantar nokkuð á að kostnaðarauki vegna búsetu fjarri heimili sé bættur að fullu og er það óviðunandi.

Það er staðreynd að stúdentar af landsbyggðinni eru líklegri til að setjast að í dreifbýli að loknu háskólanámi en aðrir námsmenn. Af þessum sökum ásamt almennri lífskjara-jöfnun er lagt til að dvalarstyrkir verði greiddir til nemenda á háskólastigi og dvalarstyrkurinn komi til skerðingar á námsláni eins og aðrar tekjur.

5. Þungaskattur af vöruflutningum til og frá landsbyggðinni er hreinn landsbyggðarskattur. Með því að lækka þungaskatt um 75% utan 100 km radíus frá Lækjartorgi mundi vinnast tvennt: Í fyrsta lagi að flutningafyrirtæki mundu flytja starfsemi sína af höfuðborgar-



svæðinu til landsbyggðarinnar. Í öðru lagi það að kostnaður við vöruflutninga á landi mundi lækka verulega.

6. Til að styrkja stöðir atvinnulífsins á landsbyggðinni er lagt til að atvinnustarfsemi utan 100 km raddius frá Lækjartorgi verði undanþegin almenna tryggingargjaldinu, sem er nú 3,99%. Þetta mun einnig stuðla að flutningi atvinnustarfsemi af höfuðborgarsvæðinu út á land og stuðla þar með að jafnvægi og snúa fólksflóttanum við.
7. Loks er lagt til að landbúnaður verði undanþegin atvinnutryggingagjaldi sem innheimt er með tryggingargjaldi og er nú 1,15%. Þetta er réttlætismál þar sem bændur njóta ekki réttinda úr Atvinnuleysistryggingarsjóði, en sennilega er hvergi meira atvinnuleysi í dag en hjá bændum.

## Fylgiskjal II.

*Ásgeir Magnússonar, forstöðumaður  
Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri:*

### **Er ekki hægt að koma á einhvers konar verðjöfnunargjaldi á flutninga í landinu?** (Úr Fréttabréfi Samtaka iðnaðarins, október 2001.)

Það er kunnara en að frá þurfi að segja að mörg framleiðslufyrirtæki landsbyggðarinnar sérstaklega iðnfyrirtæki hafa átt í vök að verjast á undanförunum árum og kemur þar margt til. Einn af stóru þáttunum í rekstri margra þeirra er flutningskostnaður. Fyrir þau sem vinna á innanlandsmarkaði er flutningur á stærsta markaðssvæði landsins verulega íþyngjandi, en hefur ef til vill verið veginn upp með öðrum kostum við staðsetningu fyrirtækjanna svo sem traustu og góðu vinnuafli og ódýrari lóðum og húsnæði.

Nú hefur Eimskipafélagið, sem í dag er orðið eina félagið sem sinnir strandflutningum lagt á nýtt gjald vegna framhaldsflutninga. Gjald þetta er 27.092 kr. fyrir 20 feta gám og 54.184 kr. fyrir 40 feta gám. Þetta gjald hefur ekki verið lagt á áður og má segja að flutningafyrirtækin hafi hingað til litið svo á, að þó þau nýti sér þá hagræðingu að hafa Reykjavíkurböfn sem aðal út- og innflutningshöfn landsins, þá sé ekki eðlilegt að það bitni á viðskiptavinum félanna sem starfa á landsbyggðinni.

Auðvitað hefur gjald þetta mjög mismunandi áhrif í rekstri fyrirtækja allt eftir eðli starfseminnar, allt frá því að hafa lítil sem engin áhrif upp í að ráða úrslitum um það hvar fyrirtækið verður staðsett í framtíðinni, og jafnvel í einstaka tilfellum að ráða því hvort fyrirtækið verður starfrækt áfram.

Dæmi af viðbrögðum forsvarsmanna nokkurra fyrirtækja á Norðurlandi sem rætt var við vegna þessa:

1. Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni (þungavöru), en selur sína þjónustu að talsverðu leyti á höfuðborgarsvæðinu. Áætlaður viðbótarkostnaður 8–10 millj. kr. á ári. Þessi kostnaður er heldur hærri en áætlaður hagnaður fyrirtækisins á árinu 2001.
2. Iðnfyrirtæki sem flytur inn allt hráefni, en selur framleiðslu sína að langmestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarkostnaður vegna flutninga gæti haft þau áhrif að stór hluti starfsemi fyrirtækisins flyttist til Reykjavíkur.

3. Iðnfyrirtæki sem flytur stærstan hluta framleiðslu sinnar úr landi. Áætlaður kostnaðarauki 12–16 millj. kr. Rúmlega allur hagnaður fyrirtækisins af starfsemi þess á Norðurlandi. Veruleg hættu á að framleiðslan flytjist úr landi.
4. Iðnfyrirtæki sem þarf á miklum flutningum að halda og flytur alla framleiðslu sína úr landi. Fyrirtækið mun ekki greiða þessa hækkun flutningsgjalda, náist ekki viðunandi samningar við Eimskipafélagið verður fyrirtækinu lokað.

Með þetta í huga er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt í allri umræðu um stöðu byggðanna og jöfnun búsetuskilyrða, að huga að jöfnun flutningskostnaðar með svipuðum hætti og jöfnun raforkukostnaðar og jöfnun kostnaðar vegna símaþjónustu.

### Fylgiskjal III.

#### **Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum.**

„62. fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að unnið verði að framgangi byggðamála með það að markmiði að búsetuskilyrði í landinu verði sem fjölbreytilegust og standist á hverjum tíma samkeppni um fólk við nálæg lönd og að byggð dreifist sem víðast um landið. Í samræmi við þá stefnumörkun samþykkir fundurinn eftirfarandi tillögur og greinargerð um byggðamál:

Í 12. lið þessarar samþykktar segir:

Ýmsar þjóðir hafa beitt þeirri aðferð að lækka skatta í dreifðum byggðum og á jaðarsvæðum í þeim tilgangi að draga úr fólksflutningum frá þeim til stærri borga. Hér gæti verið um að ræða ýmsa skatta ríkisins, svo sem tekjuskatt, eignaskatt og þungaskatt, sem hefur t.d. áhrif á vöruverð og þjónustu, sem kemur niður á atvinnurekstri og einstaklingum. Endurgreiðsla námslána er jafnframt rétt að taka til athugunar í sama tilgangi. Eðlilegt væri að ríkið hefði frumkvæði að því, í samráði við sveitarfélögin, að láta kanna og leggja fram tillögur um hvernig unnt væri að beita skattkerfi ríkisins til að jafna aðstöðu fólks í þéttbýli og dreifbýli og draga úr fólksflutningum úr dreifbýli. Við þá athugun verði kannað hvort og hvernig slíkum aðgerðum hefur verið beitt í nálægum löndum, t.d. ívilnunum í skattamálum til fyrirtækja sem flytjast á svæði sem eiga í vök að verjast vegna brottflutnings íbúa.

### Fylgiskjal IV.

*Samþykkt Sambands sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra:*

#### **Tillaga um jöfnun lífskjara með aðgerðum í skattamálum.**

10. ársþing SSNV, haldið á Bakkaflöt í Skagafirði dagana 30. og 31. ágúst 2002 lýsir ánægju sinni með samþykkt 62. fulltrúarráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem lagt er til að skattalegum aðgerðum verði beitt til að hafa áhrif á byggðaðróun. Ársþingið telur þessa samþykkt nýtt sóknarfæri fyrir landsbyggðina, verði henni fylgt eftir og lífskjör fólks og aðstaða fyrirtækja þannig jöfnuð.

Samþykkt samhljóða.

## Fylgiskjal V.

### Gjaldskrá flutningaþjónustu Flytjanda. (Frá 10. júní 2002.)

		VÖRUSENDINGAR																
		kr./sendingu																
		30-39	40-49	50-59	60-69	70-79	80-99	100-119	120-139	140-159	160-179	180-199	200-219	220-239	240-259	260-279	280-299	300-319
		kr./sendingu																
Alfangastaður \ Þyngdarflokkur kg		1	2	3-5	6-9	10-14	15-19	20-29										Frá 300 kr./kg
SÚÐIRNES	Reykjamesher, Grindavík, Sandgerði, Garður	375	435	540	640	855	905	1.050										6,74
VESTURLAND		375	435	540	640	855	905	1.050										7,75
Akranes	Borgarnes	1.164	1.211	1.255	1.303	1.348	1.393	1.438	1.531	1.623	1.699	1.807	1.897	1.990	2.081	2.143	2.143	7,31
Borgarfjörður	Þrekarvatnsskáli	1.187	1.233	1.280	1.341	1.404	1.498	1.561	1.670	1.826	1.933	2.059	2.169	2.278	2.387	2.496	2.496	8,70
1.424	1.486	1.548	1.594	1.684	1.836	1.960	2.081	2.204	2.297	2.419	2.602	2.756	2.940	3.061	3.061	3.061	10,42	
SNÆFELLSNES, DALIR		400	490	565	705	920	1.075	1.275										11,21
Grundarfjörður, Smeilissæer	Sykishölmur	1.753	1.849	1.928	2.024	2.121	2.203	2.364	2.507	2.669	2.814	2.959	3.135	3.311	3.471	3.553	3.553	12,05
Biðardalur, Skriðland	Reykholur, Króksfjarðarnes	1.455	1.531	1.608	1.684	1.760	1.884	2.005	2.143	2.281	2.419	2.556	2.694	2.833	2.969	3.092	3.092	10,42
1.455	1.531	1.608	1.684	1.760	1.914	2.081	2.250	2.419	2.588	2.756	2.969	3.185	3.399	3.598	3.598	3.598	12,25	
VESTFIRDJUR		1.999	2.165	2.315	2.481	2.663	2.996	3.330	3.747	4.080	4.496	4.828	5.246	5.745	6.160	6.378	6.378	21,73
Patreksfjörður, Tálknafjörður, Biðudalur	Bolungavík, Stöðavík	2.033	2.290	2.547	2.775	3.033	3.441	3.928	4.413	4.867	5.367	5.868	6.460	7.035	7.688	8.023	8.023	27,26
2.033	2.290	2.547	2.775	3.033	3.441	3.928	4.413	4.867	5.367	5.868	6.460	7.035	7.688	8.023	8.023	8.023	27,26	
STRANDIR, NORDURLAND VESTRA		1.438	1.516	1.591	1.715	1.836	1.990	2.143	2.373	2.619	2.878	3.121	3.367	3.673	3.949	4.225	4.225	14,56
Brú	Borbeyri, Óspakseyri	1.424	1.486	1.548	1.604	1.684	1.836	1.960	2.081	2.204	2.297	2.419	2.602	2.756	2.940	3.061	3.061	10,42
Hólmavík, Drangnes	Norðurfjörður	1.438	1.516	1.591	1.715	1.836	1.990	2.143	2.373	2.619	2.878	3.121	3.367	3.673	3.949	4.225	4.225	14,56
1.455	1.531	1.684	1.836	1.990	2.297	2.602	2.909	3.214	3.520	3.827	4.210	4.592	4.976	5.343	5.343	5.343	18,15	
Hvammstangi	Blönduós, Skagaströnd	1.424	1.486	1.548	1.608	1.684	1.836	1.960	2.081	2.204	2.297	2.419	2.602	2.756	2.940	3.061	3.061	10,42
1.494	1.575	1.654	1.779	1.907	2.050	2.225	2.464	2.702	2.941	3.178	3.417	3.655	3.909	4.163	4.163	4.163	14,25	
Sauðárkrókur	Siglufjörður, Hofsvós	1.545	1.669	1.779	1.860	1.987	2.177	2.447	2.702	2.954	3.227	3.480	3.799	4.116	4.370	4.608	4.608	15,75
1.749	1.907	2.066	2.225	2.384	2.623	2.941	3.258	3.577	3.895	4.212	4.608	5.007	5.404	5.802	5.802	5.802	19,87	
NORDURLAND EYSTRA		1.875	2.068	2.219	2.429	2.593	2.833	3.178	3.507	3.852	4.182	4.511	4.946	5.352	5.756	6.085	6.085	20,75
Akureyri	Grenivík	1.893	2.090	2.241	2.451	2.663	2.981	3.314	3.648	4.025	4.357	4.674	5.191	5.585	5.977	6.309	6.309	21,67
1.893	2.090	2.241	2.451	2.663	2.981	3.314	3.648	4.025	4.357	4.674	5.191	5.585	5.977	6.309	6.309	6.309	21,67	
Dalvík, Ólafsfjörður	Húsavík	1.996	2.245	2.447	2.634	2.837	3.133	3.537	3.930	4.316	4.833	5.332	5.644	6.242	6.641	7.000	7.000	23,67
Kópasker	Rauðaráhöfn	2.074	2.306	2.542	2.758	2.993	3.352	3.821	4.286	4.754	5.239	5.689	6.282	7.077	7.418	7.907	7.907	26,84
2.074	2.323	2.573	2.822	3.071	3.461	3.959	4.444	4.941	5.423	5.909	6.593	7.808	7.980	8.324	8.324	8.324	28,31	
2.105	2.386	2.664	2.963	3.241	3.648	4.239	4.785	5.392	5.939	6.484	7.184	7.437	8.418	9.073	9.073	9.073	31,06	

		VÖRUSENDINGAR											Frá 300 kr./kg									
Áfangastaður \ Þyngdarrflokkur kg		kr./sendingu																				
PAKASENDINGAR		kr./sendingu																				
1	2	3-5	6-9	10-14	15-19	20-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-79	80-99	100-119	120-139	140-159	160-179	180-199	200-224	225-249	250-274	275-299	
AUSTURLAND		435 585 815 990 1.175 1.340 1.605																				
Bakkafjörður, Vopnafjörður		2.135	2.447	2.775	3.117	3.461	3.975	4.459	4.988	5.579	6.174	6.766	7.465	7.988	8.853	9.523						32,57
Egilsstaðir,		2.005	2.273	2.532	2.847	3.163	3.752	4.204	4.670	5.258	5.844	6.356	7.032	7.666	8.297	8.826						29,97
Borgarfjörður eystri		2.290	2.562	2.855	3.216	3.491	3.954	4.594	5.244	5.881	6.533	7.169	8.013	8.634	9.304	10.008						34,06
Neskaupstaður, Seyðisfjörður		2.005	2.273	2.532	2.847	3.163	3.752	4.204	4.670	5.258	5.844	6.356	7.032	7.666	8.297	8.826						29,97
Reyðarfjörður, Eskifjörður		2.005	2.273	2.532	2.847	3.163	3.752	4.204	4.670	5.258	5.844	6.356	7.032	7.666	8.297	8.826						29,97
Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður,		2.005	2.273	2.532	2.847	3.163	3.752	4.204	4.670	5.258	5.844	6.356	7.032	7.666	8.297	8.826						29,97
Fáskrúðsfjörður																						
SUBAUSTURLAND		400 490 565 705 950 1.140 1.380																				
Djúpvogur		1.904	2.246	2.489	2.734	2.945	3.304	3.742	4.200	4.655	5.127	5.600	6.153	6.707	7.128	7.647						26,01
Höfn		1.757	1.990	2.231	2.403	2.572	2.884	3.232	3.628	4.009	4.371	4.720	5.167	5.597	6.040	6.388						21,70
Fagurhólsmýri		1.740	1.892	2.057	2.205	2.325	2.553	2.769	3.036	3.318	3.599	3.880	4.225	4.590	4.919	5.265						18,12
Kirkjubæjarklaustur		1.656	1.743	1.829	1.914	2.001	2.139	2.284	2.449	2.612	2.777	2.932	3.138	3.311	3.483	3.657						12,42
Vík		1.497	1.575	1.655	1.718	1.779	1.890	2.001	2.127	2.251	2.379	2.505	2.629	2.756	2.884	3.008						10,24
SUBURLAND		375 435 540 635 855 905 1.050																				
Hella, Hvolsvöllur		1.153	1.285	1.311	1.415	1.463	1.543	1.625	1.703	1.784	1.864	1.946	2.044	2.139	2.235	2.299						7,81
Biskupstungur, Flóðir		1.195	1.242	1.316	1.352	1.398	1.462	1.517	1.612	1.710	1.803	1.899	2.002	2.098	2.177	2.243						7,58
Arborg, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn		1.183	1.240	1.328	1.357	1.400	1.458	1.527	1.595	1.663	1.731	1.801	1.852	1.938	2.005	2.076						6,54
Vestmannaeyjar		1.211	1.311	1.428	1.591	1.687	1.882	2.075	2.306	2.532	2.757	2.981	3.232	3.471	3.729	3.971						13,66